

Fundur í Umhverfisnefnd 22. október 2015

Mættir: Sigga, Bjarney, Gabríel, Júlíus, Helena, Nikolai, Ísar, Erna, Brynja Dís og Sigga Lára

Nýr fundarstaður og fundarfyrirkomulag kynnt. Fundað í náttúrufræðistofu og fundarmenn sitja í hring og í miðjunni eru nokkrir hlutir. Ef fólk vill taka til máls nær það í hlut og fær orðið.

1. Umhverfispema 26. – 30. október: Loftslagsbreytingar. Hvert aldurstig vinnur þemaverkefnið með sýnum umsjónarkennurum. Umræður um hvað veldur loftslagsbreytingum af manna völdum.
2. Fjölnota pokar frá Hvalfjarðarsveit: Ákveðið að semja og senda bréf til Hvalfjarðarsveitar og grennslast fyrir um fjölnota pokana.

„Kæra Umhverfis- skipulags- og náttúruverndarnefnd Hvalfjarðarsveitar

Hvernig gengur með fjölnota pokana sem sveitarfélagið ætlar að gefa heimilum sveitarfélagsins? Okkur í Umhverfisnefnd Heiðarskóla langar að fá fréttir af málinu.

Bestu kveðjur frá Umhverfisnefnd Heiðarskóla,

Sigga, Bjarney, Gabríel, Júlíus, Helena, Nikolai, Ísar, Erna, Brynja Dís og Sigga Lára“

3. Útinám: Umræður um hvort nemendur eru að stunda útinám, unglingar fara í útinám þegar veðrið er gott en aðrir fara lítið í útinám, þó hópar á miðstigi sem fara stundum í útinám.

Fundi slitið